

# Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.  
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - [www.torah.is](http://www.torah.is)  
Birt með leyfi höfundar - [www.m7000.com](http://www.m7000.com)

## 3. þáttur af 18

### Skjámynd:

**Sálmur 119.172-176** Tunga mín skal mæra orð þitt, því að öll boðorð þín eru réttlæti. Hönd þín veiti mér lið, því að þín fyrirmæli hefi ég útvalið. Ég þrái hjálpræði þitt, YHWH, og lögmál þitt er unun mín. Lát sál mína lifa, að hún megi lofa þig og dómar þínir veiti mér lið. Ég villist sem týndur sauður, leita þú þjóns þíns, því að þínum boðum hefi ég eigi gleymt.

**Lúkasarguðspjall 19.10** Því að Mannssonurinn er kominn að leita að hinu týnda og frelsa það.

**Matteusarguðspjall 15.24** Hann mælti: Ég er ekki sendur nema til týndra sauða af Ísraelsætt.

**Jóhannesarguðspjall 10.27** Mímir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér.

**Matteusarguðspjall 7.21-23** ...Margir munu segja við mig á þeim degi: Herra, herra, höfum vér ekki kennt í þínu nafni, rekið út illa anda í þínu nafni og gjört í þínu nafni mörg kraftaverk? Þá mun ég votta þetta: Aldrei þekkti ég yður. Farið frá mér, illgjörðamenn (**sem iðkið lögleysi = anti eða ekki Torah.**)

### Skjámynd:

**Sálmur 89.30-33** Ef synir hans hafna lögmáli mínu og ganga eigi eftir boðum mínum, ef þeir vanhelga lög mín og varðveita eigi boðorð mín, þá vil ég vitja afbrota þeirra með vendinum...

**Jóhannes 12.48-49** Sá sem hafnar mér og tekur ekki við orðum mínum, hefur sinn dómara: Orðið, sem ég hef talað, verður dómari hans á efsta degi. Því ég hef ekki talað af sjálfum mér, heldur hefur faðirinn, sem sendi mig, boðið mér, hvað ég skuli segja og hvað ég skuli tala.

**5. Mósebók 18.17-18** Þá sagði YHWH við mig: Vel er það mælt, sem þeir segja. Ég vil upp vekja þeim spámann meðal bræðra þeirra, slíkan sem þú ert, og ég mun leggja honum mín orð í munn, og hann skal mæla til þeirra allt það, er ég býð honum.

### Skjámynd:

## Torah Yeshua

### Skjámynd:

**Matteusarguðspjall 5.17-19** Ætlið ekki, að ég sé kominn til að afnema lögmálið eða spámennina. Ég kom ekki til að afnema, heldur uppfylla. Sannlega segi ég yður: Þar til himinn og jörð líða undir lok, mun ekki einn smástafur eða stafkrókur falla úr lögmálinu, uns [jafnvel þar til] allt er komið fram. Hver sem því brýtur eitt af þessum minnstu boðum og kennir öðrum það, mun kallast minnstur í himnaríki, en sá, sem heldur þau og kennir, mun mikill kallast í himnaríki.

**5. Mósebók 4.2** Þér skuluð engu auka við þau boðorð, sem ég legg fyrir yður, né heldur draga nokkuð frá, svo að þér varðveitið skipanir YHWH Elóhíms yðar, sem ég legg fyrir yður.

**5. Mósebók 5.29** Ó, að þeir hefðu slíkt hugarfar, að þeir óttuðust mig og varðveittu allar skipanir mínar alla daga, svo að þeim vegni vel og börnum þeirra um aldur og ævi.

### Skjámynd:

Lúkasarguðspjall 16.17 En það er auðveldara, að himinn og jörð líði undir lok, en einn stafkrókur lögmálsins falli úr gildi.

1. Kroníkubók 16.14 Hann er YHWH, Elóhím vor, um víða veröld ganga dómar hans. Hann minnst að eilífu sáttmála síns, orðs þess, er hann hefir gefið þúsundum kynslóða...

Jesaja 40.8 Grasið visnar, blómin fölna, en orð Elóhíms vors stendur stöðugt eilíflega.

Sálmur 119.89-90 Orð þitt, YHWH, varir að eilífu, það stendur stöðugt á himnum. Frá kyni til kyns varir trúfesti þín.

### Skjámynd:

Jóhannesarguðspjall 7.16-17 Kenning mín er ekki mín, heldur hans, er sendi mig. Sá sem vill gjöra vilja hans, mun komast að raun um, hvort kenningin er frá Elóhím eða ég tala af sjálfum mér.

5. Mósebók 18.17-19 Þá sagði YHWH við mig: Vel er það mælt, sem þeir segja. Ég vil upp vekja þeim spámann meðal bræðra þeirra, slíkan sem þú ert, og ég mun leggja honum mín orð í munn, og hann skal mæla til þeirra allt það, er ég býð honum. Og hvern þann, er eigi vill hlýða á orð mín, þau er hann mun flytja í mínu nafni, hann mun ég krefja reikningsskapar.

### Skjámynd:

Lúkasarguðspjall 11.27-28 Er hann mælti þetta, hóf kona ein í mannfjöldanum upp rödd sína og sagði við hann: Sæll er sá kviður, er þig bar, og þau brjóst, er þú mylktir. Hann sagði: [Þvert á móti:] sælir eru þeir, sem heyra orð Elóhíms og varðveita það.

**Heyra (Shama)**

**Gera (Asah)**

2. Mósebók 24.7 Því næst tók hann sáttmálsbókina og las upp fyrir lýðnum, en þeir sögðu: Vér viljum gjöra allt það, sem YHWH hefir boðið, og hlýðnast því.

### Skjámynd:

## Kennsla Jakobs (Ya'acov)

### Skjámynd:

Jakobsbréfið 1.21-22 ...Verðið gjörendur orðsins og eigi aðeins heyrendur þess, ella svíkið þér sjálfa yður.

2. Mósebók 24.7-8 Því næst tók hann (Móse) sáttmálsbókina og las upp fyrir lýðnum, en þeir sögðu: Vér viljum gjöra allt það, sem YHWH hefir boðið, og hlýðnast því. Þá tók Móse blóðið, stökkti því á fólkið og sagði: Þetta er blóð þess sáttmála, sem YHWH hefir gjört við yður og byggður er á öllum þessum orðum.

### Skjámynd:

## Kennsla Péturs (Kefa)

### Skjámynd:

1. Pétursbréf 1.14-16 ...Verðið heldur sjálfir heilagir í allri hegðun, eins og sá er heilagur, sem yður hefur kallað. Ritað er: Verið heilagir, því ég er heilagur.

3. Mósebók 11.44; 19.2-4; 20.7 Og helgist og verið heilagir, því að ég er heilagur. - Þér skuluð vera heilagir, því að ég er YHWH, Elóhím yðar. - Helgist og verið heilagir, því að ég er YHWH, Elóhím yðar.

### Skjámynd:

## Kennsla Jóhannesar (Yochanan)

### Skjámynd:

1. Jóhannesarbréf 1.5-8 Og þetta er boðskapurinn, sem vér höfum heyrt af honum og boðum yður: Elóhím er ljós, og myrkur er alls ekki í honum. Ef vér segjum: Vér höfum samfélag við hann, og göngum þó í myrkrinu, þá ljúgum vér og iðkum ekki sannleikann...

Orðskviðirnir 6.23 Því að boðorð er lampi og *lögmalıð* (ensk þýð.) (Torah) ljós...

Sálmur 119.142 Réttlæti þitt er eilíft réttlæti og lögmál (Torah) þitt trúfesti.

Jóhannesarguðspjall 17.17 Helga þá í sannleikanum. Þitt orð er sannleikur.

Nehemía 9.13 Og þú steigst niður á Sínaí fjall og talaðir við þá af himnum og gafst þeim sanngjörn ákvæði, réttlát lög og góða setninga og boðorð.


### Skjámynd:

### Niðurlag:

Lúkasarguðspjall 24.27 Og hann byrjaði á Móse og öllum spámönnunum og útlagði fyrir það, sem um hann er í öllum ritningunum.

### Skjámynd:

### Hvað um Pál?



### Skjámynd:

#### Kennsla Páls

- Lögmál Móse er kallað „heilnæm kenning.“ (1. Tím. 1.8-11)
- Lögmál Móse eins og Yeshua kennir það er kallað „heilnæm orð.“ (1. Tím 6.3)
- Lögmálið, spámennirnir og ritin kallast „viska.“ (2. Tím. 3.15-16 - sjá einnig 5. Mós. 4.6)

- Lögmálið og spámennirnir eru traust heimild. (Post. 24.14)
- Orð spámannanna eru „ritning og lögmál.“ (Róm. 16.26, 1. Kor. 14.21)
- Lögmálið eins og Yeshua kenndi það, var lífsmáti Páls. (1. Kor. 4.17)
- Hrein og heilög hegðun í Messíasi er skilgreind samkvæmt lögmáli Móse. (2. Kor. 6.14-7.1)
- Dómur gegn hópi Korintumanna var samkvæmt lögmáli Móse. (2. Kor. 13.1)
- Lögmál Móse er staðfest og góð kennsla. (Róm. 3.31)
- Hvíldardaginn á að halda, eins og Páll gerði sjálfur. (Post. 13.42, 17.2, 18.4)
- Kennslu Yeshua, sem kenndi lögmál Móse, átti að breyta eftir, eins og Páll gerði. (1. Kor. 11.1)

**Framhald í næsta þætti...**

## **Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010** **(14. 15. og 16. júní)**



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á [torah@internet.is](mailto:torah@internet.is)